

## LISTIR

## Kjarvalsstaðir

## Rúri flytur gjörninginn Saklaus? – II

MYNDLISTARMAÐURINN Rúri flytur gjörning á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag, kl. 16.30. Gjörningurinn er fluttur sem liður í sýningu hennar Paradís? – Hvenær? og er yfirskrift hans Saklaus? – II, en Saklaus? – I var fluttur í nýlistasafninu á sýningunni 16 dagar.

Paradís? – Hvenær? er framlag Rúriar til alþjóðlegrar friðarumræðu og dæmi um það hvernig listamenn beita innsýn sinni og næmi til að varpa sterku ljósi á samtíma sinn.

Í tilefni sýningarnnar hefur verið gefin út sýningarskrá með myndum af verkinu og ítarlegri grein eftir listfræðinginn Dorotheu van der Koelen.

Sýning Rúriar stendur til 13. apríl. Einnig eru á Kjarvalsstöðum sýning á verkum Ólafs Elíassonar og sýning á verkum úr Kjarvalssafni sem valin eru af Thor Vilhjálmssyni rithöfundu.

## Viva Crucis og íslensk passíulög

KAMMERKÓR Suðurlands og Agnes Löve píanóleikari halda tvenna tónleika nú um helgina. Fyrri tónleikarnir eru í Selfoskirkju laugardaginn 28. mars og þeir síðari í Digraneskirkju, Kópavogi, sunnudaginn 29. mars og hefjast báðir tónleikarnir kl. 16.

Flutt verður hugleiðingin Via Crucis eftir Franz Liszt (1811–1886), og íslensk passíulög.

Via Crucis samdi Franz Liszt árið 1878 fyrir einsöngvara, kór og píanó, einnig eru til útgáfu fyrir einsöngvara, kór, orgel eða harmóníum. Via crucis og er nokkurs konar hugleiðing um píslargöngu Krists. Liszt byggir verkið á þeim fjórtán stöðum sem marka göngu Krists, frá húsi Pontíusar Pílatúsar að Golgata og var lögð mikil áhersla á í kaþólskum sið. Í verkinu nær Liszt að blanda saman mörgum stílbrigðum, allt frá gregóríönskum söng til síðrómantíks kirkjusöngs.

Önnur verk sem flutt verða á tónleikunum eru íslensk passíulög og má þar nefna Miskunnabæn, íslenskt helgikvæði í útsetningu Róberts A. Ottósonar, Ég byrja reisu mín, ferðasálmur Hallgríms Péturssonar, í útsetningu Smára Ólafssonar og Veróníkukvæði í útsetningu Jakobs Hallgímssonar, en útsetningin er gerð sérstaklega fyrir þessa tónleika. Stjórnandi kórsins er Hilmar Örn Agnarsson, organisti í Skálholti.

## Borgarkórinn syngur í Ráðhúsinu

BORGARKÓRINN heldur söngskemmtun í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur, laugardaginn 28. mars kl. 15. Þar flytur kórinn m.a. Reykjavíkursyrpu, þekkt og ný sönglög við ljóð Tómasar Guðmundssonar, Einarssonar, Davíðs Oddssonar o.fl. Flutt verður nýtt lag eftir stjórnandann við ljóð Tómasar Guðmundssonar, í Vesturbænum. Einsöngvarar með kórnum eru Inga Backman og Bryndís Hákonardóttir. Undirleikari á píanó er Gunnar Gunnarsson. Kynning og upplestur annast Helga Thorberg.

Borgarkórinn er blandaður kór 34 radda, stofnaður haustið 1996. Stjórnandi kórsins er Sigvaldi Snær Kaldalóns.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.



Oblivion

► Oblivion er keflvísk hljómsveit en hana skipa þeir Davíð Baldursson tölvuleikari, Arnar F. Jónsson tölvuleikari, Oddur I. Þórsson söngvari, Elvar Þ. Sturluson tölvuleikari og Haukur Hauksson tölvuleikari. Hljómsveitarmeðlimir segjast spila Old school hip hop rapp og þeir eru allir á 15. árinu.

## Músíktilraunir

## Músíktilraunir Tónabæjar

Þriðja undanúrslitakvöld Músíktilrauna er haldið í kvöld. Árni Matthíasson rýndi í þátttökulistann, en mikið verður um tölvutól og -tóna.

MÚSÍKTILRAUNIR, árleg hljómsveitakeppni Tónabæjar, standa sem hæst, og í kvöld er þriðja undanúrslitakvöld af fjórum. Í tilraununum keppa hljómsveitir hvaðanæva af landinu sem ekki hafa gefið út tónlist sína og eiga þrjú frumsamin lög.

Helstu verðlaun Músíktilrauna eru jafnan hljóðverstímar, fyrstu verðlaun eru hljóðverstímar í Sýrlandi, önnur verðlaun tímar í Grjótnámunni, þriðju verðlaun tímar í Hljóðhamri, en síðan hlýtur athyglisverðasta hljómsveitin verðlaun, hljóðverið Núlíst veitir sérstök verðlaun, bestu hljóðfæraleikarar eru verðlaunaðir og söngvari.

Aheyrendur velja eina hljómsveit áfram hvert kvöld, en sérstök dómnefnd velur síðan þá eða þær hljómsveitir áfram sem henni þykir rétt. Úrslitakvöldið gilda atkvæði áhorfenda tæpan þriðjung á móti atkvæðum dómnefndar.

Í kvöld leikur hljómsveitin Maus áður en tilraunirnar hefjast og á meðan atkvæði eru talin í lokin.



Bad Toys

► Hljómsveitin Bad Toys kemur ofan af Akranesi og hana skipa Sveinn Ragnar Jörundsson söngvari og Valgeir Sigurðsson söngvari og gítarleikari. Þeir segjast spila létt kassagítarrokk. Þeir eru níttján og tuttugu ára.



The Outrage

► Hljómsveitin The Outrage er drum 'n bass hljómsveit úr Reykjavík og hana skipa Halldór Hr. Jónsson, Þórhallur G. Samúelsson og Gísli K. Björnsson. Þeir spila allir á ýmis tölvutól og er meðalaldur þeirra 17 ár.



Stæner

► Hafnfirski sveitin Stæner er skipuð þeim Kára Kolbeinssyni trommuleikara, Magnúsi Leifi Sveinssyni gítarleikara og söngvara og Kristjáni Hafsteins bassaleikara. Þeir eru allir á 18. árinu og segjast vera popparar.




Spectrum

► Hafnfirski hljómsveitin Spectrum er skipuð þeim Atla Má Þorvaldssyni, sem spilar á bongótrommur og hljóðgervil, og Presti Sveinbirnssyni, sem spilar á blendil og hljóðgervil. Þeir segjast spila danstónlist og eru báðir á 18. ári.



Rennireið

► Rennireið er reykvisk hljómsveit en hana skipa Ragnar Sólberg gítarleikari, bassaleikari og trommuleikari, Frosti Gunnarsson söngvari og Matthías Arnaldsson hljómborðsleikari. Þeir eru allir á 12. árinu og segjast spila sveitarokk.




Amnesia

► Hljómsveitin Amnesia kemur úr Reykjavík og hana skipa Hafsteinn Ísakson gítarleikari og söngvari, Óskar Gunnarson gítarleikari, Teitur Helgi Hjaltason trommuleikari og Arnar bassaleikari. Meðalaldur hljómsveitarmeðlima er 19 ár og segjast þeir spila grunge í anda Nirvana.




Hit Móses

► Hljómsveitin Hit Móses kemur frá Selfossvæðinu og hana skipa Friðrik Einarsson gítarleikari, Birkir Jóakimsson bassaleikari, Vignir Andri Guðmundsson trommuleikari og Anton Örn Karlsson gítarleikari og söngvari. Meðalaldur hljómsveitarinnar er 17 ár og þeir segjast spila rokk.



Sofandi

► Hljómsveitin Sofandi er skipuð þeim Markúsi Bjarnasyni bassaleikara og söngvara, Kristjáni Frey Einarssyni trommuleikara og Bjarna gítarleikara og öskrara. Þeir koma úr Reykjavík og er meðalaldur þeirra 19 ár. Aðspurðir segjast þeir spila bar-rokk.



Jah

► Jah er reykviskt tríó skipað þeim Einari Johnson, Albert Snæ Guðmundssyni og Kristjáni Sveini Kristjánssyni. Sveitin leikur tilraunatónlist, frá ambient úti techstep, en liðsmenn hennar eru allir í kringum tvítugsaldurinn.